

Lykilhæfni 1. bekkur

Kennarar: Davíð Sól Páls; Ingólfur Guðnason; Rebekka Pálsdóttir;
Þórhildur Albertsdóttir

1

Lýsing

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Lykilhæfni tengist öllum náms sviðum og þar með grunnþáttum menntunar sem leiðarljósi í almennri menntun nemenda. Lykilhæfniviðmið eru sett fram í fimm flokkum: Tjáning og miðlun, Skapandi og gagnrýnin hugsun, Sjálfstæði og samvinna, Nýting miðla og upplýsinga og Ábyrgð og mat á eigin námi.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Ekki er um að ræða eiginlega **Árgangsáætlun** fyrir lykilhæfni 1. bekkja. Vegna mikilvægis og eðlis lykilhæfni er hún samþætt námi og kennslu í öllum námsgreinum árgangsins. Hún tilheyrir skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Áherslur í lykilhæfni 1. bekkja eru m.a kynntar nemendum og foreldrum á hópfundi að hausti (sbr.: *Námsskýrning*).

Lykilhæfniáherslur eru birtar reglulega í *vikuáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: Lykilhæfni tengist kennslustundum í öllum námsgreinum árgangsins (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námshættir og viðfangsefni í lykilhæfni taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Lykilhæfni er þverfagleg, samþætt öllu skólastarfi og tengist beint grunnþáttum menntunar. Henni er skipt í fimm flokka með skilgreindu inntaki sem fléttast saman í námi og kennslu:

Tjáning og miðlun - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að miðla verkefnum og viðfangsefnum á fjölbreyttan hátt og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega, tjá hugsanir sínar og skoðanir á sem fjölbreyttastan hátt og taka þátt í samræðum og rökræðum.

Skapandi og gagnrýnin hugsun - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að spyrja gagnrýninna spurninga og nýta gagnrýna hugsun, draga ályktanir og beita röksemdafærslu.

Sjálfstæði og samvinna - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra á ábyrgan og lýðræðislegan hátt, taka á móti leiðsögn og gagnrýni og vinna með á uppbyggjandi hátt.

Nýting miðla og upplýsinga - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að vinna með áreiðanleika upplýsinga, ábyrgð í upplýsingaöflun og miðlun, greina heimildir ólíkra miðla, sýna siðferðilega ábyrgð og beita gagnrýnni hugsun.

Ábyrgð og mat á eigin námi - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína með ábyrgð og sjálfsþekkingu gagnvart eigin námi og námsáhuga, vinnubrögðum, frammistöðu og markmiðasetningu að leiðarljósi og getu til að leggja raunhæft mat á vinnu sína og árangur.

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í lykilhæfni 1. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér fjölbreytta kennsluhætti innan allra árganga og námsgreina til að styrkja lykilhæfni nemenda, m.a.: markvissar innlagnir kennara, umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, útikennslu, kannanir og próf.

Leiðarljós menntastefnu Melaskóla er almenn menntun byggð á grunnþáttum menntunar og lykilhæfni nemandans. Tekið er mið af aldri og þroska nemandans innan stiga þegar hæfni hans er metin. Menntagildi lykilhæfni felst m.a. í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Markmiðið er alhliða þroski og almenn menntun nemandans í anda grunnþátta menntunar og lykilhæfni.

Markmið menntunar er ekki einungis að kenna *sértæka* hæfni námsgreina heldur að nemandinn öðlist *almenna* lykilhæfni sem nýtist honum í lífinu ævilangt. Fjölbreyttir kennsluhættir, góður skólabragur og gott samstarf Melaskóla við heimilin skiptir máli í að styrkja lykilhæfni nemandans. Allt skólasamfélag Melaskóla ber ábyrgð á að nemendur öðlist lykilhæfni innan árganga og í lok skólastiga. Leiðarljós skólans eru þrjú til að svo megi verða:

- kennsluhættir leiðsagnarnáms
- jákvæður skólabragur
- traust á milli heimila og skóla

Grunnhættir menntunar:

Um grunnhætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja náms hæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í lykilhæfni 1. bekkja grundvallast á skilgreindum matsverkefnum árgangsins.

Matsaðferðir Melaskóla byggja á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjölmörg þverfagleg *matsverkefni* eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum innan allra námsgreina. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk. Melaskóli birtir ekki lokamat í lykilhæfni á vitnisburðablaði við lok 4. og 7. bekkjar.

Námsmat í lykilhæfni 1. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyrum að þessum markmiðum.

2025_Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

2025_Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Tjáning og miðlun

- Hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni.
- Rætt um áhugamál sín og skoðanir.

2025_Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Lært af mistökum sínum.

2025_Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.
- Unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi.

2025_Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.

2025_Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Sett sér viðráðanleg markmið og glaðst þegar þeim er náð.

NÁMSEFNI/GÖGN



Ýmis námsgögn m.t.t. lykilhæfni

Námsgögn námsgreina, ítarefni o.fl.